

Sp.

290. Skýrsla

frá ríkisstjórninni um aðgerðir í efnahagsmálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Breyttar þjóðhagshorfur.

Horfur um ytri skilyrði þjóðarbúsins og aflaverðmæti hafa breyst til hins verra frá því er þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 var lögð fram á Alþingi í október 1981.

Útlit er fyrir, að áfram haldi erfiðleikar í efnahagslífi viðskiptalanda okkar. Þetta ástand heldur niðri verði og dregur úr sölu á ýmsum framleiðsluvörum Íslendinga. Þegar hefur gætt sölutregðu á áli og kísiljárni, og blikur eru á lofti um verðlag og söluhorfur á einum mikilvægasta markaði Íslendinga, Bandaríkjamarkaði.

Þá hefur og orðið brestur í einum mikilvægasta fiskstofni landsmanna, loðnustofninum. Á síðastliðnu hausti var því spáð, að unnt yrði að veiða í ár svipað magn og veitt var á síðasta ári. Útflutningsverðmæti loðnuafurða var í fyrra um 420 millj. kr., eða tæp 8% af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Árið áður var þetta hlutfall um 13%. Nú er talið, að ekki verði unnt að veiða nema hluta þess magns, sem gert var ráð fyrir.

Í október s. l. var talið, að útflutningur á árinu 1982 myndi vaxa um 3—4%. Nú eru hins vegar líkur á, að útflutningstekjur Íslendinga vaxi ekki í ár. Þjóðartekjur Íslendinga og þjóðarframleiðsla munu því standa í stað eða jafnvel dragast saman á þessu ári, en það hefur ekki gerst síðan árið 1975.

Vegna þessarar versnandi stöðu í þjóðarbúskapnum og til þess að koma í veg fyrir vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla, ber til þess brýna nauðsyn, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Markmið í efnahagsmálum.

Höfuðmarkmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum verða hin sömu og sett voru fram í efnahagsáætlun frá 31. desember 1980.

Þessi markmið eru:

Óflugt atvinnulíf og næg atvinna fyrir alla landsmenn.

Hjöðnun verðbólgu.

Trygging kaupmáttar.

Á liðnu ári tókst að ná þessum markmiðum.

Langvarandi samdráttur í efnahagslífi víða um heim gerir Íslendingum erfiðara að halda uppi nægri atvinnu. Þetta tókst þó á nýliðnu ári og ríkisstjórnin mun áfram hafa það að leiðarljósi við mörkun efnahagsstefnunnar, að tryggð verði næg atvinna fyrir alla landsmenn. Ríkisstjórnin mun miða aðrar aðgerðir sínar í efnahagsmálum við það, að þessu höfuðmarkmiði verði náð.

Vegna ytri aðstæðna verður torsóttara í ár en í fyrra að ná stórum áfanga í hjöðnun verðbólgu. Á síðasta ári lækkaði verðbólgan eins og að var stefnt úr um 60%, sem hún hafði verið í undanfarin tvö ár, niður í um 40%. Ríkisstjórnin hefur nú að nýju sett sér markmið í efnahagsmálum, sem hún telur raunhæf við núverandi aðstæður í þjóðarbúinu. Stefnt verður að því, að verðbólgan frá upphafi til loka ársins 1982 verði ekki meiri en um 35%, og að hraði verðbólgunnar verði kominn niður í um 30% á síðari hluta ársins.

Á liðnu ári tókst með hjaðnandi verðbólgu að verja kaupmátt ráðstöfunartekna almennings, en án sérstakra aðgerða í upphafi ársins hefði kaupmátturinn rýrnað. Ríkisstjórnin mun einnig á þessu ári leggja áherslu á að verja kaupmátt eins og kostur er.

Nýtt viðmiðunarkerfi.

Ríkisstjórnin mun nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis, sem nú gildir. M. a. verði reynt að finna leið til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu.

Þá mun ríkisstjórnin hefja viðræður við aðila að verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu, en tryggt um leið afkomu í greinum þessum.

Atvinnumál.

Það er forsenda frekari árangurs í efnahagsmálum og grundvöllur vaxandi þjóðartekna á næstu árum, að atvinnuvegirnir búi við traustan grundvöll. Ríkisstjórnin mun kappkosta að bæta og jafna starfsskilyrði atvinnuveganna og um leið stuðla að hagkvæmari fjárfestingu í atvinnutækjum en verið hefur.

Í þessu skyni hefur verið ákveðið að lækka launaskatt í iðnaði og fiskvinnslu úr 3,5% í 2,5% og stimpilgjöld af afurðalánum úr 1% í 0,3%. Jafnframt verður heimild til álagningar aðstöðugjalds samræmd.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum til styrktar einstökum iðngreinum, sem eiga í vök að verjast vegna innflutnings á vörum, sem eru seldar á óeðlilega lágu verði vegna opinberra styrktaraðgerða í framleiðslulandinu.

Á næstu mánuðum verður gerð sérstök úttekt á iðnaði og fiskvinnslu með hagræðingu, aukna framleiðni og betri nýtingu fjármuna fyrir augum. Sérstaklega verður endurskoðuð tollheimta af tækjum til atvinnureksturs til þess að bæta möguleika á framleiðniaukningu í þessum greinum.

Með tilliti til þess, að ekki verður hjá því komist, að loðnuflotinn fái í auknum mæli heimild til þorskveiða, verða settar strangari reglur til að koma í veg fyrir frekari stækkun fiskveiðiflotans, án þess þó að stöðva nauðsynlega endurnýjun. Í þessu sambandi verður Úreldingarsjóður fiskiskipa efldur.

Peningamál.

Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstjórnin reyna að tryggja, að þessi þáttur efnahagslífsins stuðli að auknu jafnvægi og hjöðnun verðbólgu. Áætlanagerð um peningamál verði notuð í því skyni, að þróun helstu peningastærða miðist við þann ramma, sem efnahagsstefna og markmið ríkisstjórnarinnar myndar.

Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum og látið ná til allra þátta, sem áhrif hafa á þróun útlána og peningamagns. Meðal annars verði sveigjanlegri bindiskyldu beitt í þessu skyni. Lagt verði að innlánsstofnunum að gæta ýtrasta aðhalds í útlánum, þannig að þau verði í samræmi við efnahagsstefnuna.

Unnið verður að því að draga úr fjármagnskostnaði, m. a. með lækkun vaxta í samræmi við hjöðnun verðbólgu.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nýrri lagasetningu um meðferð hagnaðar Seðlabanka Íslands.

Erlendar lántökur.

Ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr erlendum lántökum. Í því skyni verður leitað samkomulags við viðskiptabankana um aukna þátttöku innlendra lánastofnana í fjármögnun framkvæmda.

Stefnt verður að því að auka innlendan sparnað til þess að draga úr þörf á erlendum lánnum. Ýmsir möguleikar verða kannaðir í þessu sambandi, þar á meðal að nota skattalög í auknum mæli til þess að örva sparnað.

Verðlagsmál.

Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu, samkvæmt frumvarpi, sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag, sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða. Stuðlað verði að hagkvæmari innkaupum til landsins.

Sveitarstjórnir fái heimild til þess að breyta gjaldskrár fyrirtækja sinna sem nemur hækkun byggingarvísitölu, án sérstaks leyfis frá ríkisvaldinu.

Dregið úr hækkun verðlags.

Ríkisstjórnin mun á næstu mánuðum draga úr hækkun framfærslukostnaðar með lækkun tolla og auknum niðurgreiðslum á búvöru.

Þessar aðgerðir eiga að draga úr ársfjórðungshækkunum verðlags á fyrri hluta ársins um 6%.

Kostnaður við þetta, ásamt lækkun launaskatts og stimpilgjalda, mun verða nálægt 400 millj. kr. Fjár verður aflað með eftirfarandi hætti:

Sparnaður í ríkisrekstri.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir niðurskurði á ríkisútgjöldum og fyrir sparnaði í rekstri ríkisins og stofnana þess. Dregið verður úr útgjöldum ríkisins um 120 millj. kr. í ár.

Önnur fjárföflun.

Það fé, sem ætlað var á fjárlögum til niðurgreiðslna og til þess að mæta óvissum útgjöldum í launa- og kjaramálum, verður notað í þessu skyni.

Lagður verði skattur á banka og sparisjóði.

Lagt verði á sérstakt tollafgreiðslugjald við tollmeðferð vöru, samkvæmt nánari reglum, sem kynntar verða á næstunni. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, svonefnd tollkrít, verður tekin upp í áföngum frá næstu áramótum að telja, en því fyrirkomulagi er ætlað að stuðla að hagkvæmari innkaupum og almennri hagræðingu í innflutningsverslun. Jafnframt verða gerðar ráðstafanir til þess, að þessi breyting komi ekki niður á íslenskum iðnaði.

Lán til húsbyggjenda.

Ríkisstjórnin mun taka til sérstakrar athugunar vanda þeirra, sem í fyrsta sinn kaupa eða byggja eigið íbúðarhúsnæði. Lán Húsnæðisstofnunar til húsbyggjenda, sem byggja í fyrsta sinn, verða hækkuð, og teknar verða upp viðræður við banka og sparisjóði um lengingu lána húsbyggjenda og íbúðakaupenda með skuldbreytingu svipaðri þeirri, sem framkvæmd var á síðasta ári.